



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26. APRÍL 1912

Formannafundur UMSB
22. október 2024 kl.18:00
Brautartungu

Fundargerð

Mætt eru:

Guðrún Hildur Þórðardóttir sambandsstjóri, Haraldur Haraldsson – HjólVest, Unnur Jónsdóttir - Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar, Ólafur Jóhannesson Umf. Dagrenning, Jón Theodór Jónsson knattsp.deild Skallagríms, Þóra Árnadóttir umf. Reykdæla, Sigurjón Helgason – Umf. Björn Hítðælakappi, Kristján Guðmundsson – Umf. Íslendingur, Magnús Már Haraldsson Íþr. og umf. Hvalfjarðarsveitar, Eyþór Gíslason Hmf. Borgfirðingur, Lára Magnúsdóttir og Sigríður G. Bjarnadóttir kkd. Skallagríms, Snæbjörn Óttarsson Golfklúbbur Borgarness, Ólafur Daði Birgisson Umf. Stafholtstungna, Álfheiður Sverrisdóttir og Heiðar Mar Björnsson, svæðisfulltrúar Vesturlands, Bjarney L. Bjarnadóttir frkv.stjóri UMSB.

1. Sambandsstjóri setur fundinn kl.18:05
2. Fundargestir kynna sig og segja frá hvernig gengur

Umf. Íslendingur með dansnámskeið fyrir börn sem fer vel af stað. Félagar í Íslendingi voru mjög virkir í sjálfböðavinnu á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var um verslunarmannahelgina.

Umf. Reykdæla - Íþróttastarfið gengur mjög vel, mikið úrval. Mjög öflug íþróttadeild. Starfsemi í Logalandi, leigja út félagsheimilið, góð nýting, m.a. bridge á hverju mánudagskvöldi.

Hjólreiðafélag Vesturlands, hellingur að gera í námskeiðum, 30 stk að mæta. Gerðu hjólabraut í Skorradal. Mikið keppnissumar að baki, eignuðust bikarmeistara og eru að undirbúa næsta sumar.

Hmf. Borgfirðingur - Mikið keppnissumar að baki, allskyns mót, m.a. unglingalandsmót. Eru að undirbúa næsta starfsár. Félög á NV svæðinu ætla að halda fjórðungsmót sem verður stærsta mót landsins næsta sumar, verður haldið í Borgarnesi, þarf að fara í töluverðar endurbætur á keppnissvæðinu fyrir það. Næsta

verkefni er landsþing í Borgarnesi næstu helgi, yfir 250 gestir sem munu fylla Hótel Vesturland. Þingið er í Hjálmakletti, stærsti viðburðurinn núna.

Björn Hítðalakappi - Leikjakvöld einu sinni í viku, vel sótt. Eiga hlut í félagsheimilinu Lyngbrekku á móti Umf. Agli Skallagrímssyni og Borgarbyggð. Húsið í útleigu til Leikdeildar Skallagríms núna.

Íþr. og umf. Hvalfjarðarsveitar - Íþróttaskóli fyrir elstu deild í leikskóla, krakkar úr unglingadeild sinna því, fengu styrk upp í útskriftaferð. Körfuboltakvöld einu sinni í viku, skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna sem Arnheiður Hjörleifsd. sér um, stóðu fyrir litahlaupi sem tókst mjög vel til og stefnt að því að það verði árlegur viðburður. Bíða eftir að íþróttahúsið verði tilbúið, geta þá vonandi boðið upp á fjölbreyttara úrval. Eru með gamla íþr.húsið þangað til. Voru með leiklistarnámskeið fyrir miðstig.

Knattsp.deild Skallagríms - Á sumrin eru æfingar fyrir öll börn frá leikskólaaldri, á veturna fyrir 1. -6. bekk, 7. bekkur og eldri fara á Skagann, hafa reynt að hafa æfingar fyrir eldri stráka í Borgarnesi. Fara á öll stóru mótin á sumrin. Eru með mfl. karla, ákváðu að prófa 5. deildina en stefna á að fara aftur upp næsta sumar. Fúlt að falla en líta á það sem tækifæri til að byggja liðið upp á ungum Borgnesingum.

Körfuknattl.deild Skallagríms - Gengur vel. Tóku þátt í unglingalandsmótinu og gekk ótrúlega vel. Fór allt af stað í haust, eru í töluverðum breytingum innan klúbbsins, voru með framkv. stjóra og starfsmann, og yfirþjálfara, lítur allt vel út. Íslandsmótin byrjuð, byrjuðu frekar snemma í ár sem er svolítið töff, endurheimtin ekki nógu góð svona snemma. Mfl. – eru að reyna að keyra á sínum strákum, misstu út og bættu við þriðja útlendingnum. Ætluðu að reyna að hafa kvennalið en elstu kvk iðkendur eru í 9. flokki. Mikill metnaður í markvissri og góðri þjálfun, þjálfaramenntun og reyna að fá iðkendur úr öllu sveitarfélaginu.

Golfklúbbur Borgarness, vorið/sumarið byrjaði þannig að þau buðu öllu börnum úr Grunnskólanum í Borgarnesi að koma og prófa. Réðu í kjölfarið þjálfara sem var með æfingar í júní og júlí sem gekk ótrúlega vel. Sumarið leiðinlegt en sami fjöldi gesta og í fyrra. Í haust réðu þau framkvæmdastjóra í 100 % starf, Bjarka Pétursson.

Umf. Stafholtstungna, voru með fótbolta og frjálsar í allt sumar, mest 18 börn á einni æfingu, gekk ótrúlega vel. Þjálfararnir aðallega krakkar frá Hvanneyri. Ætla að prófa að vera með námskeið fyrir börn í skóla á Varmalandi, Steinunn Þorvalds verður með söngnámskeið eftir hádegi á föstudögum áður en skólabílinn fer aftur heim. Og einnig að þau geti haft æfingar á miðvikudögum á milli kl.13 og 14. Hafa verið með íþr.skóla síðustu ár en lítill áhugi í ár, settu í pásu.

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar - Frekar lítið að fréttu. Halda úti sínum æfingum, einu sinni í viku bæði fyrir yngri og eldri, eru að reyna að að hvetja til þátttöku á mótum.

Gengur misvel. Æfingar skarast við fótbolta og söngleikjadeild sem hefur áhrif á iðkendafjölda.

Umf. Dagrenning - Félagið á lóð, hús og sundlaug. Eru mikið leigð út fyrir alls kyns samkomur, ættarmót, brúðkaup og fleira, erfisdrykkjur og aðrar samkomur á vegum sveitunga eða félagsins sjálfs, og önnur félagasamtök í sveitinni. Samkomur á vegum ungm.félagsins, þorablót, 17. júní ball, stundum komið saman á vegum félagsins, skemmtun af einhverju tagi. Voru haldnar leiksýningar hér áður fyrir.

3. Fulltrúar svæðisskrifstofu Vesturlands, Álfheiður Sverrisdóttir og Heiðar Mar Björnsson komu til fundar og kynntu störf svæðisskrifstofunnar og svöruðu spurningum. Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ kom til fundar í gegnum Teams og kynnti hvernig svæðisskrifstofurnar komu til og breyttar úthlutunarreglur lottó.

Framkvæmdastjóri UMSB sýndi samanburð á lottóúthlutun skv. nýju og gömlu úthlutunarreglum. Töluverður munur á úthlutun frá UMFÍ, Auður bað um að fá skjalið sent og ætlar að kíkja á þetta.

4. Sambandssvæði UMSB

Hvalfjarðarsveit – hvað áhrif hefði það ef sambandssvæði yrði breytt. Lottóúthlutun myndi skerðast um 400.000.- við breytingu sambandssvæðis. Frekar vilji til að efla samstarfið á milli. Hefja samtal við Hvalfjarðarsveit varðandi áframhaldandi samstarf og nýjan samning.

5. Samningur við Borgarbyggð – staðan sem er uppi.

Fræðslunefnd Borgarbyggðar hefur lagt til að samningnum við UMSB verði sagt upp, á eftir að staðfesta í sveitarstjórn en má gera ráð fyrir að uppsögn taki gildi 1. desember, uppsagnarfrestur er sex mánuðir. Ákveðið að setja niður samninganefnd, Eyþór Gíslason, Guðrún H. Þórðardóttir, Páll Snævar Brynjarsson og Sigríður G. Bjarnadóttir munu skipa nefndina. Ákveðið að boða fund fljótlega og setja vinnuna í gang.

Stofnaður var þarfagreiningarhópur hjá Borgarbyggð árið 2022, haldinn hefur verið einn fundur vegna útboðs knattússins, kalla eftir fundi.

Óska eftir að fá greinargerð með uppsögninni frá Borgarbyggð. Stjórn UMSB sendi formlegt erindi til Borgarbyggðar og kalli eftir upplýsingum.

6. Ákveða staðsetningu og dagsetningu sambandsþings og fyrri formannafundar árið 2025 – stjórn UMSB tekur ákvörðun og upplýsir aðildarfélögin um það þegar sú ákvörðun liggur fyrir.

7. Útfærsla á kjöri íþróttamanneskju ársins ef ekki á að halda það á þrettándanum í samstarfi við Borgarbyggð.
Stjórn UMSB sér um útfærsluna.
8. Önnur mál
þarf að endurnýja Fyrirmyndarhéraðs- og Fyrirmyndarfélagsstimpla innan UMSB.

Ólafur formaður Umf. Dagrenningar spyr hvort ekki hafi verið rætt um að halda námskeið um fundargerðir og fundarsköp. Tekið vel í það og sett í hendur svæðisfulltrúa að kanna möguleikana á að halda slíkt námskeið.

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl.20:55